

Stjörnuegg hf.
Vallá
162 Reykjavík

Reykjavík, 13. nóvember 2023
UST202310-078/R.S.
08.04

Efni: Ákvörðun um framlengingu starfsleyfis Stjörnueggja hf. Vallá

Vísað er til umsóknar Stjörnueggja hf. um endurnýjun á starfsleyfi, dags. 5. október sl., og samskipta Umhverfisstofnunar við rekstraraðila þar sem óskað er eftir framlengingu á starfsleyfi sem gefið var fyrir eggjabúið að Vallá, Kjalarnesi. Starfsleyfisumsókn var samþykkt fullnægjandi þann 30. október sl.

Samkvæmt 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir má útgefandi starfsleyfis framlengja gildistíma starfsleyfis meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn borist útgefanda. Áform um framlengingu voru auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar 3. nóvember til og með 10. nóvember sl. Engar athugasemdir voru gerðar við áformin.

Umhverfisstofnun hefur ákveðið að framlengja starfsleyfi eggjabúsins fyrir allt að 50.000 stæði fyrir varphænur. Gildistími starfsleyfisins er til 15. nóvember 2023. Að því virtu mun framlengingin sem hér er veitt gilda þar til nýtt starfsleyfi er gefið út eða í síðasta lagi til 15. nóvember 2024.

Virðingarfyllst,

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Rakel Sæmundsdóttir
sérfræðingur